

Velkomin í leikskólann Jörfa

Umburðarlyndi – Virðing – Kærleikur



**Aðlögun barna
í leikskólanum**

Þátttökuaðlögun

Í leikskólanum Jörfa er stuðst við þátttökuaðlögun þegar börn byrja í leikskólanum.

Aðlögunin byggir á að foreldrar taki virkan þátt í aðlögunarferlinu. Foreldrar dvelja með barninu inni á deild, sinna því, skipta á því, gefa því að borða og eru með því allan tímann.

Með þessu móti kynnist starfsfólk betur foreldrum og læra af þeim um venjur barnsins. Enn fremur kynnast foreldrar betur starfsemi leikskólans og átta sig betur á hvernig venjulegur dagur í leikskólanum fer fram.

Þessi bæklingur inniheldur helstu upplýsingar um aðlögunarferlið ásamt nokkrum hagnýtum atriðum um leikskólann. Foreldrar eru hvattir til að ræða við deildarstjóra eða leikskólastjóra ef spurningar vakna.

Verið velkomin í leikskólann Jörfa



Markmið Jörfa

- Að barnið sýni starfsfólki það traust að leita til þeirra eftir stuðningi og aðstoð.
- Að barn og foreldri öðlist jákvæða mynd af leikskólanum og því starfi sem þar fer fram.
- Að traust skapist milli foreldra og starfsfólks í upphafi leikskólagöngunnar.
- Að barninu líði vel í leikskólanum, finni þar hlýju og öryggi.
- Að efla frumkvæði barnsins og sjálfshjálp, að það hafi trú á eigin getu.
- Að búa barninu öruggt, hvetjandi og skapandi umhverfi í leik og starfi.

Aðlögunarferlið

Aðlögun tekur að jafnaði **þrjá daga**. Þó ber að taka fram að haga verður aðlögun eftir hverju og einu barni, þar sem þau bregðast misvel við breyttum aðstæðum.

Dagur 1: Foreldri og barn dvelja í leikskólanum frá 9:00-11:00.

Dagur 2: Foreldri og barn dvelja í leikskólanum frá 8:30-12:00 og borða hádegismat.

Dagur 3: Foreldri og barn dvelja í leikskólanum frá 8:30-14:00. Foreldri er með barninu fram að útiveru kl. 10:00. Fer þá heim og starfsfólk deildarinnar hringir í foreldri þegar barnið vaknar.

Hvíld

Leikskólinn útvegar teppi og kotta. Ef barnið er vant að hafa bangsa eða snúð má gjarnan koma með það að heiman. Það veitir barninu aukið öryggi.



Hólf í fataklefa

Í fataklefa er hvert barn með sitt hólf. Klæðnaður barna þarf alltaf að vera í samræmi við veðurfar og nauðsynlegt er að hafa auka fatnað og þann hlífðarfatnað til útiveru sem það hugsanlega þarf að nota hverju sinni. **Mikilvægt er að merkja föt barnanna.**

Gott er að geyma auka föt barnanna í boxi yfir ofan hólf barnsins. Nauðsynlegt er að fara reglulega yfir auka fatnað.

Fatahólfín þarf að tæma á föstudögum.

Nokkur hagnýt atriði

- Mikilvægt er að koma með útifatnað og auka fatnað **frá fyrsta degi**.
- Foreldrar þurfa að koma með bleiur og blautklúta fyrir barnið.
- Mikilvægt er að láta vita ef barnið þjáist af ofnæmi eða fæðuóþoli svo hægt sé að bregðast við því frá fyrsta degi.

Upplýsingar um leikskólann

Leikskólinn er opinn **frá 7:30-16:30**.

Leikskólastjóri er **Vessela Dukova**.

Póstfang leikskólans er: jorfi@reykjavik.is

Símanúmer leikskólans er: **411-6730**.

Heimasíða leikskólans er: <https://reykjavik.is/jorfi>

Í leikskólanum dvelja að jafnaði 93 börn.

Í leikskólanum eru fimm deildir:

- Hlíð – deildarsímanúmer er: 823-2304
- Lundur - deildarsímanúmer er: 696-7403
- Sel - deildarsímanúmer er: 693-3505
- Holt - deildarsímanúmer er: 823-5401
- Laut - deildarsímanúmer er: 823-2304

